



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 6. febrúar 2019

R19020051

Borgarráð

***Karl Magnús SH-302 - höfnun forkaupsréttar.***

Óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Karl Magnús SH-302 með skipaskráningarnúmerið 1911 skv. kauptilboði dags. 15. janúar 2019.

*Greinargerð:*

Fiskiskipið Karl Magnús SH-302 var selt með samþykktu kauptilboði dags. 15. janúar 2019 fyrir kr. 2.100.000.- Skipið er án aflahlutdeildar/aflamarks en leyfi er til grásleppuveiða. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða á sveitarstjórn forkaupsrétt á fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Lagt er til að borgarráð hafni að nýta að þessu sinni lögbundinn forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Karl Magnús SH-302.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Yfirlýsing um afsal á forkaupsrétti.

Kauptilboð dags. 15.1.2019.

## Yfirlýsing um afsal á forkaupsrétti

Úr lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, 12. grein, 3. málsgrein:

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu.

Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt.

Fyrir liggur kautilboð í neðangreint skip:



Heiti skips | Skipaskrárnúmer | Heimahöfn

Karl Magnús SH-302 | 1911 | Ólafsvík

Eigandi skips | Kennitala eiganda | Heimilisfang | Staður

Eignarhlutfall í skipi

Landsbankinn hf. | 471008-0280 | Austurstræti 11 | 155 Reykjavík

100 %

Kaupandi | Kennitala | Heimili | Staður

Eignarhlutfall í skipi

Haukur Þór Sveinsson | 080972-5639 | Hólmatúni 10A | 210 Garðabær

100 %

Kaupverð skips	Söluýfirlit dags.	Afhending dags.	Afsal dags.
2.100.000	11.1.2019	Við kaupsamn.	15.7.2019

### Aðrir skilmálar kautilboðs:

Neðangreindri sveitarstjórn er hér með boðið forkaupsréttur á skipinu. Sé það vilji sveitastjórnar að nýta sér þann rétt sinn er óskað eftir því að neðangreindur skipasali sé látinn vita sem fyrst í síma 899 2694 eða á tölvupóstfang gudjon@batarogbunadur.is. Að öðrum kosti er óskað eftir því að sveitarstjórn áriti sem fyrst þetta afsal á forkaupsrétti og sendi rafrænt á sama tölvupóstfang og frumrit á: Pósthólf 98, 200 Kópavogur.

Neðangreind sveitarstjórn, og jafnframt forkaupsréttarhafi á ofangreindu skipi, afsalar sér hér með forkaupsrétti sínum að þessu sinni.

Staður og dagsetning,

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift og yfirlýsingu þeirra um fjárræði,

F.h. Reykjavíkurborgar

530269-7609

Ráðhúsi Reykjavíkur

101 Reykjavík

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

**Kauptilboð**

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til að kaupa þá eign sem lýst er í samningi þessum með þeim skilmálum og kjörum sem í honum greinir eða af lögum leiðir.



<b>Kaupandi   Kennitala   Heimili   Staður</b>	<b>Eignarhlutfall</b>
Haukur Þór Sveinsson   080972-5639   Hólmatúni 10A   210 Garðabær	100 %
<b>Seljandi   Kennitala   Heimili   Staður</b>	<b>Eignarhlutfall</b>
Landsbankinn hf.   471008-0280   Austurstræti 11   155 Reykjavík	100 %
<b>Helti skíps   Skipaskrárnúmer   Heilmahöfn</b>	<b>Tryggingarfélag: kaupanda   seljanda</b>
Karl Magnús SH-302   1911   Ólafsvík	

**Lýsing**

Um er að ræða 14,67 brúttó tonna fiskiskip smíðað af skipasmíðastöðinni Aqua Star Ltd. árið 1988, ásamt öllu því sem skipinu fylgir og fylgja þar þ.m.t. veiðireynsla og grásleppuleyfi. Áritað söluyfirlit liggur fyrir við gerð tilboðs. Skipið er selt veðbandslaust og ábyrgist seljandi að engar sjóveðskrófur hvíli á því.

Skipið er afhent á Patreksfirði í því ástandi sem það er í 'as is' sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við að öllu leiti. Seljandi er fjármálastofnun sem þekkir ekki ástand skipsins að elgin raun.

Eignarheimild Landsbankans skal liggja fyrir innan 10 virkra daga frá samþykki kauptilboðs. Yfirlýsing sveitarfélags um að það nýti sér ekki forkaupsrétt sinn, skv. 12. grein laga nr. 116/2006 skal liggja fyrir fyrir gerð kaupsamings sem fara skal fram elgi síðar en 15.2.2019.

Kaupverð fyrir skip	Kaupverð fyrir annað	Helldar kaupverð	Greiðslutilh. A)	Greiðslutilh. B)	Greiðslutilh. C)
2.100.000	-	2.100.000	2.100.000	-	-

Helldarkaupverð í bókstöfum	Söluyfirlit dags.	Afhending dags.	Afsal dags.	Eignarhl. í skipi (%)
Tværmilljónirögiltthundraðþúsund 00/100	11.1.2019	Við kaupsamn.	15.7.2019	100 %

**Greiðslutilhögun A) - elgið fé**

1. Greitt með peningum við kaupsamning	ISK	1.100.000
2. Þann 20.4.2019 greitt með peningum	ISK	500.000
3. Við afsal greitt með peningum	ISK	500.000

**Greiðslutilhögun B) - áhvílandi lán**

Engin lán yfirtekin.

**Greiðslutilhögun C) - ný lán/skuldabréf**

Engin ný lán tekin.

**Líðir**

- Um kaupin og réttarsamband aðila gilda íslensk lög. Þá sérstaklega lög nr. 40/2002 um fasteignakaup, lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða að því leyti sem við á og ekki er samið um frávik í einstökum atriðum.
- Skipið er selt í því ástandi sem það er í, er þá m.a. átt við, innréttingar, vélbúnað, tæki og annan búnað eins og hann er tilgreindur í samningi þessum og kaupandi hefur kynnt sér með ítarlegri skoðun og / eða öðrum þeim hætti sem hann telur fullnægjandi og sættir sig við að einu og öllu leyti. Kaupanda er kunnugt um þá áhættu (t.d. í endingu) sem felst í því að kaupa notaðan búnað og tæki. Kaupanda er jafnframt kunnugt um þá áhættu sem hann tekur, skoði hann ekki það sem hann kaupir ítarlega fyrir kaupin. Notað skip telst ekki gallað, nema ágallinn rýri verðmæti þess svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi.
- Seljandi skal gefa kaupanda þær upplýsingar sem hann vissi eða mátti vita um og sem kaupandi hafði réttmæta ástæðu til þess að ætla að hann fengi. Skipið skal vera í samræmi við réttar upplýsingar.
- Kaupanda er bent á aðgæsluskyldu sína og getur ekki borið fyrir sig neitt varðandi ástand og gæði skipsins sem hann þekkti eða átti að þekkja þegar kaupsamningur var gerður. Hafi kaupandi skoðað skipið fyrir kaupin eða látið það undir höfuð leggja þrátt fyrir áskoranir seljanda, getur hann ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði átt að sjá við skoðun.

5. Seljandi ber ábyrgð á öllum kostnaði er varðar rekstur skipsins og alls annars kostnaðar fram að afhendingu hverju nafni sem hann nefnist og er ekkert þar undanskilið. Þannig að rekstrarkostnaður fram að afhendingu er á ábyrgð seljanda og þannig á sama hátt á ábyrgð kaupanda eftir afhendingu.
6. Skemmdir sem verða á hinu selda fyrir afhendingu, en eftir að skipið er sýnt eða kauptilboð gert, eða kaupsamningur, skal seljandi lagfæra á sinn kostnað. Seljandi skuldbindur sig til að hafa í gildi fullnægjandi tryggingar á hinu selda fram að afhendingu.
7. Hið selda skip skal vera laust til afnota fyrir kaupanda á þeim tíma, sem að framan grelnir. Fyrir afhendingu skips, skal kaupandi svo fljótt sem verða má, skoða skipið á þann hátt sem venja er. Sinni kaupandi ekki þessari skyldu sinni, getur hann glatað rétti, sem hann ella hefði haft til þess að hafa uppi kröfur vegna galla. Hafli kaupandi einhver umkvörtunarefni fram að færa vegna ástands hins selda eftir afhendingu, skal hann strax beina umkvörtun sinni skriflega til seljanda og senda skipasölunni afrit.
8. Kaupandi yfirtekur enga samninga við áhöfn skipsins, hvort heldur þeir eru munnlegir eða skriflegir. Kaupandi getur eftir atvikum ráðið til sín núverandi starfsmenn, en þá skoðast það sem ráðning til annars fyrirtækis.
9. Allar breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og undirritaðar af báðum samningsaðilum.
10. Kaupandi greiðir allan kostnað og umsýslu vegna þinglýsingar og stimplunar af kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum sem er söluvarðar.
11. Að öðru leyti en því sem í samningi þessum greinir er skipið selt án kvaða og veðbanda. Hvíll frekarl kvaðir eða veð eða á skipi ber seljanda skilda að aflétta þeim.
12. Þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum á hann rétt á afsali fyrir skipinu úr hendi seljanda.
13. Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni, trúnað og tillitsemi við efndir og framkvæmd samningsins. Komli hindrun í veg fyrir réttar efndir eða einhver önnur þau atvik sem verða hagsmuni gagnaðila skal viðsemjandi upplýsa hann og skipasöluna þar um.
14. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að leitast við að fremsta megni að leysa ágreining sem kann að rísa vegna samnings þessa, þannig að niðurstaða geti talist ásættanleg fyrir báða aðila.
15. Reynast sættir árangurslausar, má leggja ágreiningin til úrlausnar við Héraðsdóm Reykjavíkur.
16. Samningur þessi og hugsanlegir viðaukar við hann mynda samningssamband kaupanda og seljanda og útrýma öllum fyrri yfirlýsingum aðila, munnlegum og eða skriflegum sem ekki samrýmast efni hans. Kaupsamningurinn og mögulegir viðaukar hans öðlast gildi við undirskrift.

**Gildistími kauptilboðs og áætlaður þinglýsingarkostnaður**

Kauptilboð þetta er bindandi og gildir til kl. 12.00 þann 14.1.2019 og telst löglega samþykkt með áritun hjá skipasala eða á annan sannanlegan hátt fyrir þann tíma.

Áætlaður kostnaður hjá sýslumanni sem kaupandi greiðir, samtals kr. 20.800  
þar af stimplgjald, kr. 16.800

Reykjavík 13.01.19  
Staður og dagsetning

Haukur Þór Sveinsson  
F.h. kaupanda, Haukur Þór Sveinsson

15.01.2019  
Staður og dagsetning  
Hermann Helmanisson  
K 110769-5289  
Landsbankinn hf  
K 471008-0280  
F.h. seljanda, Landsbankinn hf.

Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift kaupanda og yfirlýsingu þeirra um fjárræði,

Björn Hannesdóttir 070780 2919  
Nafn Kennitala

Ásgeir Sveinsson 010582-2699  
Nafn Kennitala

Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift seljanda og yfirlýsingu þeirra um fjárræði,

\_\_\_\_\_  
Nafn Kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn Kennitala

Skjalið samdi Guðjón Guðmundsson, kt. 141270-4279, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

## Söluþfirlit

Fasteignasali/skipasali starfar eftir lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa og í 10. gr. kemur eftirfarandi fram: Söluþfirlit. Strax og fasteignasali fær eign til sölu meðferðar, eða honum er fallið að ganga frá kaupþilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölu meðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluþfirlit um og afhent kaupþilboðsgjafa, skal hann semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar. Áður en tilboð er gert í eign skal væntanlegum tilboðsgjafa afhent söluþfirlitið og skal hann staðfesta móttöku þess með nafnrítun sinni og dagsetningu.



Heiti skips | Skipaskrárnúmer | Heimahöfn

Karl Magnús SH-302 | 1911 | Ólafsvík

Eigandi skips | Kennitala eiganda | Heimilisfang | Staður

Landsbankinn hf. | 471008-0280 | Austurstræti 11 | 155 Reykjavík

Eignarhlutfall

100 %

## Lýsing skips

Flokkur: Undir 30 BT Fiskibátur

Tegund: Fiskiskip

Smíðarár: 1988

Smíðastöð: Aqua Star Ltd.

Br.tonn: 14.67 T

Mesta lengd: 11.85 m

Lengd: 11.85 m

Breidd: 3.37 m

Dýpt: 1.52 m

Aflaheimildir: Grásleppuleyfi.

Lýsing: Skipið er án vélar og án siglingatækja (einhver siglingatæki til staðar en óvíst um ástand). Skipið er án haffæris og afhendist við höfn á Patreksfirði í því ástandi sem það er í. Seljandi er fjármálastofnun sem þekkir ekki ástand skipsins að eigin raun. Kaupandi þarf því að skoða skipið vel fyrir gerð kaupþilboðs.

Ásett verð: 2.500.000

Áhvílandi: Nei

Staðsetning: Patreksfjörður

Skipti: Nei

Áhvílandi

Lán samtals

Skv.dags.

Ekkert áhvílandi

0

Eignarheimildir, kvaðir

Veðbókavottorð dags. 11.1.2019.

Fylgigögn sem liggja fyrir, sjá eftast

Heildarlisti skoðanna dags. 12.1.2019.

Áritun aðila vegna samnings

Reykjavík 13.01.19

Staður og dagsetning,

Haukur Þór Sveinsson

Lesið og móttakið, f.h. kaupanda, Haukur Þór

Sveinsson

Staður og dagsetning,

Gunnar F. Sveinsson

f.h. seljanda, Landsbankinn hf.  
Gunnar F. Sveinsson  
Kt. 081171-4759

Prentað út: 12.1.2019